



Ungmennafélag SSNE

Niðurstöðuskýrsla

Desember 2021

Efnisyfirlit

| | |
|--|---|
| Inngangur | 3 |
| Undirbúningur Ungmennafélags | 3 |
| Þátttakendur..... | 3 |
| Framkvæmd viðburðar | 4 |
| Kennslufræðin | 5 |
| Lærdómur | 5 |
| Kostnaður | 5 |
| Næstu skref og niðurstöður | 6 |
| Viðauki – dagskrá Ungmennafélags | 8 |
| Viðauki 2 – Ungmennafélag, vinningsmáforrit og ferli | 9 |

Inngangur

Ungmennafélag SSNE 2021 var síðari hluti verkefnis sem ber heitið „Vettvangur ungs fólks á Norðurlandi eystra“ sem fékk styrk frá Eyþingi árið 2019.

Akureyrarbær tók að sér í að leiða verkefnið upphaflega í samstarfi við tvö önnur sveitarfélög og var myndaður stýrihópur sem stóð fyrir viðburðinum *Ungt fólk og Eyþing* sem haldinn var í desember 2019 á Húsavík. Niðurstaða þess viðburðar var eftirfarandi;

„Tillaga að viðburði bar yfirheitið Landsmót SSNE og fól í sér helgi á vordögum þar sem ungmenni koma saman, gista í skóla og gera skemmtilega hluti sem fá ungmenni til að vilja taka þátt, eins og til dæmis að bjóða upp á pizzaveislu, ísferð, bíókvöld eða sund. Það verða stöðvar fyrir ungmennin tengd heimsmarkmiðunum og þeim verður dreift yfir tvo til þrjú daga. Þá verður til dæmis boðið upp á matreiðslukennslu úr íslensku hráefni, þar sem þátttakendum yrði kennt að nýta hráefni úr heimabyggð, nýsköpunarleiki sem snúast um að skapa eitthvað skemmtilegt sem getur til dæmis tengst aðgerðum í loftslagsmálum, fræðsla um það hvert ruslið okkar fer og hvað verður um það þegar við hendum því. Þá lögðu þau til fræðslu um snjalltækjanotkun sem snýr að heimsmarkmiði 3; Heilsa og vellíðan. Þá vilja þau planta trjám saman og jafnvel fara í fyrirtækjaheimsóknir og skoða hvort og hvernig þau eru að vinna að heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Landsmótið á að vera skemmtilegt og skapandi fyrir ungmenni.“

Í ljósi covid var erfitt að halda Landsmót árið 2020 og verkefnið tafðist. Á ársþingi SSNE 2021 var samþykkt að stjórn SSNE skoðaði möguleikann á að sækja í auknum mæli skoðanir og hagsmuni ungs fólks m.a. með stofnun ungmennaráðs. Í kjölfarið á þeirri samþykkt hafði verkefnastjóri SSNE samband við sveitarfélögin til að afla upplýsinga um stöðu ungmennaráða til að greina hvernig halda skyldi utan um slíka vinnu. Þegar kom í ljós að ofangreindu verkefni, „Vettvangur ungs fólks á Norðurlandi eystra“, var ekki lokið var ákveðið að halda Landsmót SSNE sem í úrvinnslu varð að *Ungmennafélagi SSNE* og er byggt á ofangreindri tillögu.

Undirbúningur Ungmennafélags

Verkefnastjóri SSNE tók að sér verkefnastjórn í góðri samvinnu við sveitarfélögin. Fyrsti skipulagsfundur var 18. október 2021 og haldnir voru teams skipulagsfundir hverja viku fram að þinginu með starfsfólki sveitarfélaga sem fara með málefni ungmennaráða. Haldið var utan um vinnuna á Teams svæði SSNE undir rásinni *Ungmennaráð*. Sveitarfélögin 12 sem aðild að SSNE eiga tóku öll þátt. Starfsfólk sveitarfélaga tók að sér að afla þátttakanda og í samvinnu mótaði dagskrá. Verkefnastjóri SSNE hélt utan um praktísk atriði með aðstoð frá starfsfólki sveitarfélaganna.

Ákveðið var að Ungmennafélagið yrði dagana 25. og 26. nóvember 2021 og í Mývatnssveit og Þingeyjarsveit. Dagskrá þingsins má sjá í viðauka.

Þátttakendur

Ákveðið var að allt að fimm þátttakendur gætu komið frá hverju svæði fyrir sig og starfsmaður með hverjum hópi fyrir sig. Starfsfólk sveitarfélaganna sá um að afla þátttakenda og leituðu fyrst til sinna ungmennaráða. Þó var misjafnt hversu virk þau voru í hverju sveitarfélagi fyrir sig og sum sveitarfélögin enn í þeirri vinnu að mynda ráð eða endurvekja á meðan önnur eru með virka starfsemi ungmennaráða. Þau sveitarfélög sem ekki voru með virk ungmennaráð fengu frjálsar hendur til að afla þátttakenda og var leitað m.a. til skólastofnana. Úr varð að á þingið ætluðu að mæta fulltrúar níu af 12 sveitarfélögum en vegna Covid duttu tvö af þeim út og á endanum voru það fulltrúar sjö

sveitarfélaga sem mættu. Þátttakendur voru 24 talsins á aldrinum 13 til 19 ára. Starfsmenn voru sjö talsins, sex frá sveitarfélögum og verkefnastjóri SSNE. Kynjahlutföll voru ekki jöfn en af 24 þátttakendum voru átta karlkyns. Langanesbyggð náði ekki að senda starfsmanneskju og var verkefnastjóri SSNE í ábyrgð fyrir þátttakendum þaðan.

Framkvæmd viðburðar

Niðurstaða *Ungt fólk og Eyþing* var lögð til grundvallar þinginu og dregið var út úr henni þemað **heimsmarkmið, nýsköpun og samskipti**.

Júlía Brá Stefánsdóttir, Sara Margrét Sigurðardóttir, Agnes Björk Einarsdóttir og Christine Lea Fregiste opnuðu þingið með á kynningu á Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Þær voru allar í hópi þátttakenda og komu frá Skútustaðahreppi.

Á þinginu voru þrjár vinnustöðvar sem svöruðu þemanu.

1. Vinnustöðin **Menntasókn í norðri** var byggð á stefnumótunarvinnu þar sem þátttakendur voru fengnir til að aðstoða við stefnumótun í sameiningu sveitarfélaganna Þingeyjarsveit og Skútustaðahrepps hvað varðaði þá þrjá skóla sem verða í sameinuðu sveitarfélagi. Þar var unnið með samskipti og þátttakendum skipt upp í hópa sem hver fyrir sig vann með áskoranir og tækifæri málefnum tengdu. Alma Dröfn Benediktsdóttir, verkefnastjóri Skútustaðahrepps og Sveinn Margeirsson, sveitarstjóri Skútustaðahrepps og verkefnastjóri Nýsköpunar í Norðri leiddu vinnuna á þessari vinnustöð.

2. Vinnustöðin **Ungmyndaþorp** tók á þremur heimsmarkmiðum sem ákveðið var að vinna með út frá tillöggunni frá *Ungt fólk og Eyþing*, en það voru eftirfarandi heimsmarkmið;
 - 2. Ekkert hungur
 - 3. Heilsa og vellíðan
 - 12. Ábyrg neysla og framleiðsla

Þar var notast við vefvanginn Hugmyndaþorp og þátttakendum skipt í hópa sem þróuðu smáforritsverkefni sem eiga að aðstoða almenning við að takast á við áskoranir ofangreindra markmiða. Afrakstur þeirrar vinnu má sjá hér, <https://ssne-ung.xn--hugmyndaorp-pib.is/is/>. Eitt smáforrit verður valið áfram til að framkvæma með aðstoð SSNE. Þessar vinnustöðvar voru staðsettar á Hótel Sel en þar var einnig gist. Silja Jóhannesdóttir, verkefnastjóri SSNE og Arnar Sigurðsson hjá Austan Mána sem þróar Hugmyndaþorp leiddu vinnuna á þessari vinnustöð.

3. Þriðja vinnustöðin var í **Matarskemmuni** á Laugum þar sem Ólafur Sólimann tók á mótum þátttakendum og kynnti hugmyndafræðina á bakvið vinnuna þar. Vinnan í Matarskemmuni felst í hringrás en í Matarskemmuni eru unnin hráefni úr héraði inn í stofnanir sveitarfélaganna þar sem þingið var staðsett.

Á fimmtudagskvöldinu var snæddur kvöldmatur í Vogafjösi þar sem er notast við hráefni að mestu úr héraði og fengu þátttakendur léttu kynningu á starfsemi veitingastaðarins. Eftir kvöldmat var farið í jarðböðin þar sem þátttakendur upplifðu stjörnuþjart kvöld á einstakan hátt en óvænt rafmagnsleysi magnaði upp þá upplifun.

Í lok þingsins var stutt stund þar sem farið var yfir helstu niðurstöður úr vinnustöðvum og fengin endurgjöf frá þátttakendum.

Kennslufræðin

Það var ekki lagt upp með ákveðnar kennsluáðferðir á þinginu en þegar litið er í baksýnispegilinn er vert að staldra við og velta upp hvaða aðferðum var beitt og hverju þær skila. Tvær vinnustöðvar, Menntasókn í norðri og Ungmennahorpið, nýttu báðar aðferðir sem vert er að huga að. Á báðum vinnustöðvum var í byrjun notuð fyrirlestraraðferðin þar sem stjórnendur vinnustöðvanna kynntu fyrir unglíngunum um hvað vinnustöðin fjallaði og hvað væri ætlast til af þeim. Í kjölfarið var notast við Umræðu- og spurnaraðferðir þar sem ungmennin fengu áskoranir í hendurnar til að vinna með og komast að niðurstöðu með hjálp rökleiðslu. Rætt var við þau um áskoranirnar og kveikt á hugsanaflæði með spurningum sem skilaði sér í hugmyndum og skapandi vinnu frá þeim. Þannig eiga þau eignarhald á afrakstri vinnunar.

Í ungmennahorpinu var unnið að einhverju leyti með þrautalausnaaðferðina (lausnaleit) þar sem nemendur fengu opnar þrautir í formi áskorana heimsmarkmiða og áttu að nota rök hugsun og hugsu til síns lífs hvernig þau gætu skapað nærtækar lausnir. Þá var kynnt fyrir þeim „hatta“ hópavinnuaðferðin þar sem þú setur upp rafrænan hatt til að tjá eða koma með endurgjöf og byggist litur hattarins á því hvort þú sért að tjá tilfinningu um verkefnið eða jákvæða eða neikvæða gagnrýni o.s.frv. Með þessu móti voru þau þjálfuð í að horfa á niðurstöður og hugmyndir út frá mismunandi sjónarhornum og gefa endurgjöf á yfirvegaðan hátt og af virðingu fyrir hugmyndinni.

Þá var í báðum vinnustöðvum nýtt hópavinna. Allt í allt er álit þeirra sem að þinginu koma þessar aðferðir leiða til skapandi hugsunar, kveikju að nýsköpun og byggja undir rök hugsunarnálgunar á mál.

Á vinnustöðinni Matarskemman, var fyrirlestraraðferð notuð en unglíngarnir fengu kynningu á Matarsmiðjunni og gátu spurt í lokin.

Lærdómur

Endurgjöf var frekar jákvæð og er það samdóma álit starfsfólks sem að viðburðinum kom að svona vettvangur sé til gagns fyrir ungmennin svo og starfsfólk til að fá fram skoðanir og hugmyndir ungmenna til framþróunar verkefna. Ljóst var að vinnustöðvar voru aðeins of langar og hugsu þarf vel hvernig tími er nýttur. Þátttakendur kölluðu eftir að á slíkum viðburði þyrfti að vera ísbrjótur í byrjun og tækifæri til að kynna áður en vinna hefst. Þátttakendur voru jákvæðir en flest vildu meiri tíma, helst gista í tvær nætur. Mikilvægt er að nýta svona viðburði til að efla getu ungmenna í nýsköpun og hugmyndavinnu og í leiðinni hlusta á þeirra áhyggjur og aðferðir til að takast á við mál. Þá voru þátttakendur afar ánægðir með aðstöðu og mat. Þeim fannst gaman að hitta aðra og heilt yfir var ánægja. Þó er mikilvægt að horfa til þess að endurgjöf varðandi hluta þingsins beindist að því að ekki þykir gott að standa og hlusta á aðra manneskju tala í of langan tíma. Semsagt vera með þáttökumiðaða dagskrá er útgangspunktur.

Ákveðið var að fá rútu frá Siglufirði sem tók upp í á leiðinni fulltrúa á öllu Eyjafjarðarsvæðinu og var svo rútan til staðar á þinginu til að ferja á milli vinnustöðva. Þessi aðferð reyndist vel og það þótti gott að samnýta svona ferðina af Eyjafjarðarsvæðinu.

Gott væri að komast að niðurstöðu um aldursbil og sammælast um það fyrir komandi þing. Aldursbilið á Ungmennahorpi 2021 var 13- 19 ára og það gekk vel en ekki gafst tími til að fara í miklar umræður varðandi það á undirbúningstímabili.

Kostnaður

Styrkurinn frá Eyþingi var 2.500.000 kr. og kostaði viðburðurinn *Ungt fólk og Eyþing* 613.244 kr. Kostnaður við þingið núna var talsvert hærri þar sem það var tveir dagar. Kostnaður við gistingu,

vinnu grunni í heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbærni og það er samlegð í því þar sem Sóknaráætlun sækir í þau líka.

5. Skólastjórnendur – framhalds- og grunnskóla. Lagt er til að niðurstöður þingsins og framhald verði kynnt á fundi með skólastjórnendum þar sem mikilvægt er að fá endurgjöf á vinnuna og hvernig hún nýtist heildinni en ekki bara þeim fulltrúum sem mæta á þingið.
6. Ungmennaborpið – útfæra það umhverfi þannig að það geti nýst áfram inn í samvinnu ungmenna, kjörinna fulltrúa og starfsfólks. Endurgjöf starfsfólks á Ungmennaborpið er jákvæð þar sem það er kjörið tæki til nýta í lýðræðis- og samvinnuverkefni þvert á staðsetningu og tíma.

Heilt yfir er mikilvægt að útfæra vinnuna og þátttöku ungmenna með þeim hætti að hún skili sér og hlutverk ungmennana sé tekið alvarlega og unnið sé áfram með þeirra hugmyndir og verkefni. Það er mikilvægt að horfa til þess að þau séu með í næstu skrefum. Ekki er lagt til að búa til ungmennaráð SSNE eftir þessa samvinnu en nýta þann farveg sem hefur myndast til að fá fram þeirra hugmyndir og endurgjöf. Rætt var um að skapa jafnvel vettvang eða málefnaþópa sem væru þá með afmarkaðri verkefni til að vinna með og er vel hægt að hugsa Ungmennanæðinginn inn í þá vinnu.

Silja Jóhannesdóttir, verkefnastjóri SSNE

Viðauki – dagskrá Ungmennafings

Ungmennafing SSNE 25.-26. nóvember 2021, Skútustaðahreppi og Þingeyjarsveit Þema þingsins er heimsmarkmið, nýsköpun og samskipti.

Dagskrá

Fimmtudagur 25. nóvember

- **11:00 -11:30** – **Hótel Sel** – Mæting. Allir kynna sig og kynning á Heimsmarkmiðunum
- **11:30 -13:00** – **Hótel Sel** – Hádegismatur. Hugmyndarorp kynnt til sögunnar og allir skrá sig þar inn. Það er hægt í gegnum snjallsíma. Þema hugmyndarorpsins verða heimsmarkmiðin og hvernig app gæti aðstoðað fólk í mæta þeim.
- **13:00 -17:00** – **Hótel Sel og Matarskemman** – Vinnustöðvar
- **17:00 -18:00** – **Hótel Sel** – Hressing og frjáls tími
- **19:00 -20:00** – **Vogafjós** – Kvöldmatur– kynnt verður hugmyndafræðin á bakvið vogafjós og hvernig þau nýta hráefni úr héraði.
- **20:30 -21:45** – **Jarðböð**

Föstudagur 26. nóvember

- **08:00 -10:00** – **Hótel Sel** – Morgunverður
- **10:00 -12:00** – **Hótel Sel og Matarskemman** – Vinnustöðvar
- **12:00 -13:50** – **Hótel Sel** – Hádegismatur og niðurstöðuvinna.
- **14:00** - **Brottför**

Vinnustöðvar - lýsing

Vinnustöðin í Matarskemmuni er einn og hálfur tími. Vinnustöðvar á Hótel Sel eru tveir tímar. Það eru tvær vinnustöðvar á hvern hóp á fimmtudeginum og svo ein vinnustöð á hvern hóp á föstudeginum.

- **Nýting hráefna úr heimabyggð** - Matarskemman – Ólafur Sólimann
- **Hugmyndarorp** – Hvernig mætum við áskorunum heimsmarkmiða 2, 3, og 12 með því að aðstoða fólk í gegnum app? - Silja Jóhannesdóttir og Arnar Sigurðsson
- **Menntasókn í norðri** - Tengsl ungmenna og stjórnsýslu. Stefnumótunarvinna. - Alma Dröfn Benediktsdóttir og Sveinn Margeirsson

Vinnustöðvar tímalína

1. Hópur

- a. Fimmtudagur 13:00 – Matarskemman (frá Hótel Sel 12:30 og frá Matarskemmuni 14:30)
- b. Fimmtudagur 15:00 – Menntasókn í norðri
- c. Föstudagur 10:00 – Hugmyndarorp

2. Hópur

- a. Fimmtudagur 13:00 – Menntasókn í norðri
- b. Fimmtudagur 15:00 – Matarskemman (frá Hótel Sel 15:00 og frá Matarskemmuni 17:00)
- c. Föstudagur 10:00 – Hugmyndarorp

3. Hópur

- a. Fimmtudagur 13:00 – Hugmyndarorp
- b. Fimmtudagur 15:00 – Menntasókn í norðri
- c. Föstudagur 10:00 - Matarskemman (frá Hótel Sel 9:30 og frá Matarskemmuni 11:30)

Viðauki 2 – Ungmennabörp, vinningssmáforrit og ferli

Tíu hugmyndir að smáforritum urðu til í [Ungmennabörpinu](#). Smáforritunum var ætlað að svara áskorunum heimsmarkaðanna sem unnið var með á þinginu og voru eftirfarandi:

- [2. Ekkert hungur](#)
- [3. Heilsa og vellíðan](#)
- [12. Ábyrg neysla og framleiðsla](#)

Smáforritin voru metin á fjölda viðbragða og endurgjafar sem þau fengu í Ungmennabörpinu ásamt mati álitsgjafa á möguleikum á framkvæmdinni. Við matið var horft til möguleika á styrkjum út frá efnistökm smáforritisins, tengslum við þema þingsins og útfærslumöguleikum.

Álitsgjafar sem mátu smáforritin voru eftirfarandi;

- Ottó Elíasson, verkefnastjóri hjá Eim
- Anna Lind Björnsdóttir, verkefnastjóri hjá SSNE
- Guðmundur H. Sigurðsson, framkvæmdastjóri Vistorku

Tvær hugmyndir fengu 13 tilvik af viðbrögðum eða/og endurgjöf og álitsgjafar voru sammála um að annað af þeim væri vinningssmáforritið miðað við uppgefnar forsendur um styrkja- og útfærslumöguleika

Hugmyndin að smáforriti sem valið var vinningshafi Ungmennabörpsins 2021 var hugmyndin [Afláttarapp með hollum uppskriftum](#). Smáforritinu er ætlað að aðstoða fólk sem er í matarinnkaupum að nálgast uppskriftir með þeim matvörum sem eru að renna út og eru jafnvel á afslætti þess vegna. Þannig aðstoðar appið við að minnka matarsóun með því að gefa almenningi hugmyndir að notkun matvæla sem eru komin nálægt síðasta söludag.

Álitsgjafar voru sammála um að ofangreint smáforrit gæti orðið nytsamlegt og að það tengdist vel inn í þema þingsins hvað varðaði ábyrga neyslu ásamt því að sjá möguleika í opinberum styrkjasjóðum sem myndu leggja slíku verkefni lið.

Ungmennin sem áttu ofangreinda hugmynd eru Henry Jarl Hlynsson frá Langanesbyggð og Alma Ísfeld og Hildur Helga frá Hörgársveit. Næstu skref eru að funda með þeim til að útfæra hugmyndina og aðstoða við að sækja um í viðeigandi sjóð árið 2022.